

Nefndsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021
Tilvísun: {málsnúmer – One}

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja

Embætti landlæknis vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 1. mars 2021 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja (þskj. 283, 160. mál á 151. löggjafarþingi). Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnaður verði starfhópur sem geri tillögu að útgáfu slíkra skilríkja og áætlun um kostnað við að taka skilríkin í notkun.

Embætti landlæknis styður frumkvæði til að efla öryggi rafrænna auðkenna, en leggur jafnframt áherslu á að byggja á þeirri grunngerð sem hefur verið notuð hér á landi í næstum 13 ár með Íslandsrót sem uppruna trausts. Þessi grunngerð var mótuð og byggð undir stjórn fjármála- og efnahagsráðuneytisins á árunum 2003-2008 og tekin í notkun í október 2008. Rafræn skilríki gefin út undir Íslandsrót eru nú þegar mikið notuð í samskiptum almennings og hins opinbera á Internetinu.

Íslandsrót er sjálfundirrituð rót í eigu ríkisins og í rekstri hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Skipulag útgáfu og notkunar rafrænna skilríkja undir Íslandsrót er undir stjórn fjármála- og efnahagsráðuneytisins og uppfyllir kröfur í lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (kölluð eIDAS reglugerðin). Grunngerðin er byggð á alþjóðlegum og evrópskum stöðlum og almennt viðurkenndum viðmiðum og kröfum. Við útgáfu örugggra opinberra skilríkja ætti því að byggja á þessari grunngerð. Jafnframt er mikilvægt að rafræn opinber skilríki séu af efsta öryggisstigi og uppfylli kröfur um „hátt“ fullvissustig eins og skilgreint er í 8. gr. eIDAS reglugerðinnar og sem sett er fram í framkvæmdagerð Evrópusambandsins nr. 1502/2015 um lágmarks tæknileg og verklagsleg viðmið fyrir fullvissustig.

Embætti landlæknis vísar jafnframt til tækniforskriftar TS 146 um innihald almennra rafrænna skilríkja frá Fagstaðlaráði í upplýsingatækni (FUT) hjá Staðlaráði Íslands, auk annarra tæknilegra viðmiða tækninefndar FUT um traustþjónustu (TN-ÞJ). Þar hefur verið unnin mjög verðmæt vinna til að samræma og samþætta útgáfu og notkun rafrænna skilríkja fyrir auðkenningu og undirritun sem mikilvægt er að byggja á. Nú er unnið að útgáfu staðals sem mun taka við af tækniforskrift TS 146.

Embætti landlæknis telur einnig að það sé mikilvægt að útfærsla rafrænna skilríkja sem ætluð eru til auðkenningar sé byggð á sömu grunngerð og útfærsla rafrænna skilríkja sem ætluð eru til fullgildrar rafrænnar undirritunar.

Það er því mat embættis landlæknis að til að einfalda samræmingu og samhæfingu skilríkja í Evrópu, og þar með talið á Norðurlöndunum, þá er mikilvægt að byggja á núverandi grunngerð sem sækir traust sitt til íslenskrar skilríkjarótar í eigu ríkisins (Íslandsrótar). Í dag er útgáfa rafrænna skilríkja undir Íslandsrót (hjá Auðkenni ehf.) alfarið í samræmi við kröfur ríkisins (fjármála- og efnahagsráðuneytisins) og þá staðla og viðmið sem ríkið hefur sett fram í sínum kröfuskjölum, og staðla og viðmið sem Staðlaráð Íslands hefur sett fram. Allt umhverfi rafrænna skilríkja á Íslandi er í samræmi við alþjóðlega staðla og Evrópulöggjöf, og ætti því að geta verið góður grunnur að samskiptum yfir landamæri. Ísland hefur m.a. tekið þátt í slíku samstarfi, í STORK-verkefnum, og hefur nú þegar byggt upp grunngerð og þjónustu til að tengjast öðrum löndum á öruggan hátt. Það

hljómar því sérkennilega að það þurfi norræn rafræn skilríki til að geta rutt á braut margvíslegum stjórnsýsluhindrunum.

Embætti landlæknis hefur verið í fararbroddi í nýtingu rafrænna auðkenna af efsta fullvissustigi, í þeim tilgangi að geta veitt heilbrigðisþjónustu fyrir almenning á öruggan hátt og tryggt verndun viðkvæmra persónuupplýsinga. Embætti landlæknis telur mikilvægt að í starfshópnum verði fulltrúi veitenda rafrænnar þjónustu sem hefur útfært rafræna þjónustu þar sem efsta öryggisstigs er krafist.

Embætti landlæknis leyfir sér að benda á að kröfur um áreiðanleika og öryggi skilríkja ráðast fyrst og fremst af þeim réttindum sem þau veita, t.d. aðgangsréttindi að gögnum í rafrænni þjónustu, og þeim kröfum sem eru um vernd þeirra gagna. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að rafræn skilríki sem gefin eru út hér á landi eru með lágmarks upplýsingar í skilríkjunum, sem í raun votta einungis hver einstaklingurinn er (með kennitölu og nafni), en engin önnur eigindi eru í skilríkjunum sem varða þann sem vottaður er.

Allur almenningur á Íslandi hefur getað fengið örugg skilríki undanfarin áratug og nýtt réttindi sín, notið þjónustu og átt í samskiptum á rafrænum miðlum að miklu leyti. Það væri hægt að nýta örugg skilríki mun betur ef allir myndu sameinast um að byggja á dreifilyklaskipulagi Íslandsrótar, sem er skipulag hins opinbera fyrir útgáfu og almenna notkun rafrænna skilríkja á Íslandi.

Embætti landlæknis bendir á eftirfarandi staðreyndavillur í þingsályktunartillögum:

Í 7. mgr.: Rafræn skilríki gefin út af Auðkenni eru ekki á debetkortum lengur. Hins vegar er mögulegt að fá þau útgefin á snjallkorti. Auk þess eru þau gefin út fyrir farsíma, þar sem einkalykill vottorðshafans eru varðveitt á SIM-korti símans.

Í 7. mgr.: Sú öryggisúttekt sem vitnað er til getur ekki talist „öryggisúttekt á rafrænum skilríkjum og öryggi þeirra“. Eins og segir í inngangi skýrslu Admon er um að ræða mat á mismunandi útfærslum á rafrænni auðkenningu og sannvottun í rafrænni þjónustu með hliðsjón af tilteknu matskerfi. Þetta matskerfi setur fram fjögur fullvissustig sem er raðað eftir því hversu alvarleg áhrif verða af skaða ef óréttmætur aðgangur er veittur vegna mistaka við sannvottun á auðkennum (sjá kafla 3 í skýrslu Admon). Árið 2015 gerði Admon sérstakt mat á rafrænum skilríkjum undir Íslandsrót á farsímum sem byggði á sambærilegri matsaðferð, sem þá var komin í alþjóðlegan staðal ISO/IEC 29115:2013. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga, eins og kemur fram í svari iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um öryggi rafrænna skilríkja, að framleiðsla, útgáfa og önnur tengd þjónusta Auðkennis ehf. fyrir rafræn skilríki undir Íslandsrót eru undir eftirliti Neytendastofu, og hefur starfsemi Auðkennis ehf. að þessu leyti verið tekin út af þar til bærum öryggisúttektaraðila í samræmi við kröfur í lögum og undir eftirliti Neytendastofu.

Í 8. mgr.: Dregin er sú ályktun að notkun snjallkorta fyrir rafræn skilríkja byggji á því að margvíslegar upplýsingar séu þá geymdar í örgjörva kortanna. Hið rétta er að þau skilríki sem eru gefin út af Auðkenni ehf. undir Íslandsrót innihalda rafræn vottorð þar sem einu persónuupplýsingarnar sem koma fram eru kennitala og nafn þess sem vottaður er. Það er mikilvægt að hafa í huga að það er líka hægt að staðfesta réttindi og önnur tiltekin eigindi með uppkalli í svokallaðar eigindaþjónustur (e. attribute service provider). Dæmi um slíka þjónustu hér á landi er Auðkenningarþjónusta Ísland.is, þar sem kallað er í þjóðskrá til að fá ýmsar upplýsingar um notandann, t.d. lögheimili. Þetta er því einfaldlega spurningum útfærslu. Fullgild rafræn skilríki eru vottorð sem geta staðfest kennsl vottorðshafans af mjög háu öryggisstigi, og byggt á því er hægt að sækja upplýsingar um þann einstakling til að staðfesta réttindi eða önnur eigindi sem tengjast þeim.

Embætti landlæknis telur ekki rök fyrir því hvers vegna það þurfi að taka útgáfu skilríkja hér á landi til „gagngerrar athugunar og endurskipuleggja hana“. Og það hljómar undarlega að það eigi að hafa það markmið með slíkri athugun og endurskipulagningu, að hið opinbera annist útgáfu öruggra skilríkja og starfræki þau grunnkerfi sem þarf til þess. Útgáfa skilríkja er á opnum markaði þar sem hver sá sem uppfyllir þær kröfur sem hið opinbera setur (t.d. um fullgild skilríki) getur boðið þá þjónustu. Í tilfalli fullgildra skilríkja er slík starfsemi, og önnur tengd þeirri þjónustu, undir eftirliti Neytendastofu.

Það er hins vegar valkostur fyrir hið opinbera, sem og hvern þann annan sem hefur áhuga á því og uppfyllir kröfur ríkisins um útgáfu rafrænna skilríkja undir Íslandsrót, að koma sér upp útgáfuskilríki (milliskilríki) undir Íslandsrót, byggja upp undirliggjandi tölvukerfi og hefja útgáfu rafrænna skilríkja til einstaklinga. Slíkt hefur verið mögulegt í meira en áratug. Í þessu samhengi er athyglisvert að hafa í huga að þegar gerður var samstarfssamningur við Samtök fjármálafyrirtækja um uppbyggingu og almenna notkun rafrænna skilríkja á Íslandi, sem undirritaður var árið 2007, þá var gert ráð fyrir að ríkið myndi koma upp fimm slíkum útgáfuskilríkjum. Sú ráðstöfun var ekki nýtt.

Það er mat embættis landlæknis að greinargerð þingsályktunartillögunnar rökstyðji ekki að það þurfi að endurskoða útgáfu rafrænna skilríkja á Íslandi. Það er full ástæða til að íhuga útgáfu ýmissa skírteina (ökuskírteina, nafnskírteina, ferðaskírteina t.d.) hvað varða bæði efnislega og rafræna þætti, en rafræn skilríki sem gefin eru út í dag, byggt á trausti Íslandsrótar sem er í eigu ríkisins, hafa alla burði, þar með talið öryggislega, til að vera kjarninn í þeirri endurskoðun.

Að lokum bendir embætti landlæknis á að það þarf að gæta að því að „viðkvæmar persónuupplýsingar“ vísar til tiltekinna upplýsinga sem skilgreindar eru í Persónuverndarlögum. Slíkar upplýsingar eru venjulega ekki á eða í persónuskilríkjum.

Að öðru leyti gerir embætti landlæknis ekki athugasemdir.

F.h. embættis landlækni,

{sign}

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



23. nóvember 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 260. mál á 151. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja

Hagsmunasamtök heimilanna styðja markmið tillögu þessarar í meginatriðum, en benda um leið á að nú þegar er til ígildi rafrænna skilríkja, Íslykill, sem hefur reynst nokkuð vel til auðkenningar fyrir ýmsar rafrænar þjónustur, bæði opinberar og aðrar. Þar sem notkun Íslykils hefur náð talsverðri og vaxandi útbreiðslu án þess að vera lögbundin, leggja samtökin til að við frekari þróun á þessu sviði verði byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af útfærslu og notkun hans.

Aðeins eitt fyrirtæki í eigu einkaaðila, einkum fjármálafyrirtækja, býður upp á svokölluð rafræn skilríki á grundvelli laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Við leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum nr. 35/2014 var sett það skilyrði að ákvörðuð leiðrétting yrði staðfest með slíkum skilríkjum. Enn fremur hefur Íslandsbanki hf. krafist notkunar þeirra til að óska eftir leiðréttingu vaxta á húsnæðislánum samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016. Að mati samtakanna er það með öllu óréttmætt að þvinga neytendur þannig í viðskipti við einkafyrirtæki í einokunarstöðu svo þeir geti sótt réttindi sín á grundvelli laga. Dæmi eru um að neytendum sem ekki vilja una slíku hafi reynst erfitt að sækja lögbundin réttindi sín.

Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna til útgáfu persónuskilríkja, hvort sem þau séu áþreifanleg eða rafræn, er sú að eðli máls samkvæmt sé hún á ábyrgð stjórnvalda og meðal þeirra verkefna sem eigi alls ekki heima hjá einkageiranum. Samkeppni er mikilvægur drifkraftur á frjálsum markaði og getur verið neytendum til hagsbóta við slíkar aðstæður, en verkefni hins opinbera lúta öðrum lögmálum. Skilríki eru ekki neytendavara heldur forsenda þess að hægt sé að nýta borgaraleg réttindi.

Einnig má nefna að 31. maí 2019 birti forsætisráðuneytið tilkynningu um eflingu stafrænnar þjónustu, þar sem m.a. kom fram að stjórnvöld stefni nú að því að ríkið muni taka að sér útgáfu á rafrænum skilríkjum. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi þeirri stefnu, en hvetja jafnframt til þess að vandað verði sérstaklega til verks svo útfærslan geti öðlast nauðsynlegt traust.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 05.03.2021
Tilv. 2021/0205 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um tillögu til þingsályktunar, 260. mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 25. febrúar 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur árin 2022-2025, 260. mál.

Neytendastofa vill byrja á að fagna því að vilji sé til, og gerðar séu tillögur um, að auka neytendavernd á Íslandi. Stofnunin telur þó ástæða til að gera athugasemdir við nokkur atriði sem koma fram í þingsályktunartillögum. Auk þess vísar stofnunin til eldri umsagnar um sama mál dags.

Athugasemd við A. hluta tillögunnar

Neytendastofa hefur unnið markvisst að því að fræða neytendur og seljendur, með ráðgjöf í síma og tölvupóstum, auk upplýsinga á heimasíðu stofnunarinnar og Facebook síðu hennar. Þessar upplýsingar ná eflaust með takmörkuðum hætti til t.d. grunnskólabarna og tekur stofnunin því undir að til mikilla bóta sé að auka fræðslu í skólum landsins. Stofnunin hefur einnig séð í samskiptum við aðrar stofnanir í Evrópu að þar birta stofnanir reglulega auglýsingar eða gangast í auglýsinga herferðir um tiltekin réttindi neytenda sem þá unnið er markvisst að því að bæta þekkingu á. Neytendastofu hefur ekki verið unnt að fara út í slíkar aðgerðir, m.a. vegna skorts á fjármagni. Á verkefnalista nýrrar framkvæmdastjórnar ESB til næstu fimm ára er einnig lögð rík áhersla á að tryggja neytendum viðeigandi fræðslu um sín réttindi á markaði.

Neytendastofa fagnar því mjög að aukin áhersla verði lög á eftirlit með verðmerkingum. Vegna nýrra lögbundinna verkefna sem ekki hefur fylgt með aukið fjármagn til stofnunarinnar hefur aðeins í litlum mæli verið unnt að sinna eftirliti með verðmerkingum í verslunum síðustu ár. Auk þess hefur Neytendastofa lagt áherslu á athugun á verðmerkingum í vefverslunum þar sem slíkt eftirlit tekur skemmri tíma, hægt er að sinna öðrum eftirlitsverkefnum samhliða varðandi upplýsingar á vefsíðu, og þær verslanir beinast að öllu landinu, ekki afmörkuðum landsvæðum.

Vegna umfjöllunar í greinargerð um verðskanna vill Neytendastofa taka sérstaklega fram að þegar breyting var gerð á verðmerkingarreglum árið 2011, í tilefni ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um formerkingar á matvöru, fór fram ítarleg skoðun af hálfu stofnunarinnar á stöðu verðmerkinga þessara vara í löndunum í kringum okkur. Kom þá í ljós að flestir heimila verðmerkingar með þessum hætti. Heimildin var því tekin upp, að höfðu


samráði við Samkeppniseftirlitið og hagsmunaaðila á markaði, en hafa ber í huga að um undantekningarreglu er að ræða sem háð er ströngum skilyrðum. Þannig er aðeins heimilt að notast við verðmerkingu með verðskanna þegar um er að ræða matvöru sem seld er forpökkuð og er ekki í staðlaðri þyngd. Í þessum tilvikum er seljendum ekki unnt að merkja vöruna með endanlegu söluverði nema merkja hvert stykki vörunnar, þ.e. seljendur geta ekki notast við hillumerkingu eða verðlista. Þá eru ströng skilyrði um að þyngd hverrar vöru (hvert stykki) þarf að koma fram á umbúðum hennar og einingarverð á hillumiða eða verðlista sem er skýr og staðsettur nálægt vöru. Að lokum hefur Neytendastofa miðað við, líkt og fram kemur í greinargerð með reglum stofnunarinnar, að miða skuli við að leit að endanlegu verð með notkun verðskanna taki neytendur ekki lengri tíma en 30 sekúndur. Verðskanni þarf því að vera staðsettur nálægt þeim stað í verslun þar sem matvörur sem verðmerktar eru með þessari undanþáguheimild og vera auðmerkta og aðgengilegur.

Athugasemd við B. hluta tillögunnar

Neytendastofa fagnar þeim markmiðum sem fram koma í B. hluta tillögunnar.

Vegna 2. liðar B. hluta vill Neytendastofa benda á að samkvæmt lögum nr. 118/2016, um fasteignalán til neytenda, er lánveitendum aðeins heimilt að krefjast kostnaðar sem koma fram í samningi og byggja á hlutlægum grunni vegna kostnaðar sem lánveitandi hefur orðið fyrir og tengjast fasteignaláninu beint. Í þessu felst t.d. að lánveitandi getur ekki krafist lántökugjalds sem er prósentuhlutfall af lánsfjárhæð. Við skoðun á vaxta- og verðskrá lánveitenda má sjá að í öllum tilvikum eru lántökugjöld fasteignalána til neytenda tilgreind sem föst fjárhæð en lántökugjöld neytendalána sem prósentuhlutfall af lánsfjárhæð. Neytendastofa telur ekkert því til fyrirstöðu að sambærilegt ákvæði væri tekið upp í lög nr. 33/2013, um neytendalán, en leggur þó áherslu á að áður en til slíkra breytinga yrði gripið færi fram ítarleg skoðun á afleiðingum þess, þ.e. hvort slíkt væri til þess fallið að hækka kostnað neytenda vegna smærri lántöku. Stofnunin hvetur jafnframt til þess að fram færi úttekt á því hvaða áhrif banns við töku lántökukostnaðar hefði á neytendur. Bendir stofnunin í því sambandi sérstaklega á lánveitendur sem bjóða neytendum vörur til kaups með láni, sem bera lántökugjöld en enga vexti.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2021
Tilvísun: 2021030545/VEL

Efni: Umsögn um tillögu um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 1. mars 2021 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja (þskj. 283, 260. mál á 151. löggjafarþingi).

Í tillögunni er lagt til að fela dómsmálaráðherra að skipa starfshóp sem geri tillögur að útgáfu öruggra opinberra skilríkja og áætlun um kostnað við að taka skilríkin í notkun. Í starfshópnum eigi sæti fulltrúar Þjóðskrár Íslands, ríkislögreglustjóra, Neytendastofu, Samtaka atvinnulífsins og Íslandsrótar auk fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins.

Persónuvernd áréttar að við mótun tillagna um útgáfu öruggra opinberra skilríkja er nauðsynlegt að gæta í einu og öllu að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Nú þegar eru til staðar rafræn skilríki sem veita einstaklingum aðgang að ýmiss konar þjónustu hins opinbera og fyrirtækja. Á sama tíma veita slík skilríki einnig aðgang að persónuupplýsingum, oft mjög viðkvæmum upplýsingum á borð við heilsufarsupplýsingar. Að mati Persónuverndar er því mikilvægt að gerðar séu sérstakar öryggisráðstafanir til að tryggja að óviðkomandi fái ekki aðgang að persónuupplýsingum einstaklinga, þegar þeir nýta sér rafræna þjónustu.

Með vísan til þess lögbundna hlutverks Persónuverndar að veita Alþingi, stjórnvöldum og öðrum aðilum ráðgjöf á sviði lagasetningar og stjórnsýslu sem tengist vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga lýsir stofnunin sig reiðubúna til að koma að frekari vinnu stjórnvalda um útgáfu öruggra opinberra skilríkja, til að fylgja eftir þeim mikilvægu sjónarmiðum sem tengd eru vernd persónuupplýsinga.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Þórður Sveinsson